



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN



KENNSLUSKRÁ

Skólaárið 2025-2026

EFNISYFIRLIT

Almennar upplýsingar	4
Grunnnám í sjúkraflutningum, grunnnámskeið (EMT)	5
Framhaldsnám sjúkraflutningamanna (EMT-Advanced).....	7
Vettvangshjálpi, First Responder (42 klukkustundir)	10
Endurmenntunarnámskeið.....	11
1. Fyrir sjúkra- og neyðarflutningamenn (EMT- og AEMT)	11
2. Fyrir Vettvangsliða, First Responder (EMR)	11
Bráðameðferð og sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS)	12
Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support)	13
Sérhæfð endurlífgun II og Sérhæfð endurlífgun barna (ALS og EPALS Advanced life support og Pediatric Advanced life support).....	14
Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun I (ILS) og II (ALS).....	14
Búnaðarnámskeið. (einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)	16
Bráðasjúkdómar fullorðinna (einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)	16
Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra. (einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)	17
Þverfagleg endurmenntun viðbragðsaðila.....	18
Greiningarsveitarnámskeið.....	19



Hluti útskriftarnema í útskrift skólans 30. Maí 2025

Hlutverk

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans samkvæmt samningi milli Heilbrigðisráðuneytis og Sjúkrahússins á Akureyri er að skipuleggja, stjórna og sjá um menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi. Skólinn starfar samkvæmt [námskrá Landlæknis um menntun sjúkraflutningamanna](#) á Íslandi en tekur einnig mið að [námskrá sjúkraflutningamanna í USA](#).

Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

Ingimar Eydal

- Sími: **463 0853 / 860 0549**
- Netfang: ie1214@sak.is
- Vefsíða: www.ems.is

Verkefnisstjóri

Sigurjón Valmundsson

- Sími: **463 0854/ 864 5681**
- Netfang: sva0723@sak.is

Umsjónarmaður búnaðar

Jón G. Knutsen

Sími: 852 5603

Netfang: jgk0813@sak.is

Aron Rúnarsson

Sími: 7792225

Netfang: aronrunarsson@gmail.com

Almennar upplýsingar

Fyrirkomulag skólastarfs

Skólastarf skólaárið 2025-2026 verður með svipuðu sniði og síðustu skólaár með þeirri undantekningu að skipulag framhaldsnámsins verður lítilsháttar breytt.

Grunnnám (EMT) verður bæði í boði á haustönn 2025 og á vorönn 2026 sem streymisnám með verklegum lotum á fjórum stöðum á landinu ef næg þátttaka fæst.

Framhaldsnám sjúkraflutninga verður í boði bæði á haust- og vorönn, með þeim breytingum að hér eftir verða Lotur 1 og 3 í boði á haustönn og lotur 2 og 4 á vorönn. Breytingarnar taka til þeirra nema sem eru að hefja framhaldsnám núna í haust.

Hefðbundin endurmenntun, vettvangshjálparnámskeið (First Responder) og önnur sérnámskeið verða í boði skv. beiðnum rekstraraðila sjúkraflutninga og annara aðila.

Skólastjóri og/eða verkefnisstjóri veita allar frekari upplýsingar um námskeið.

Formleg skólaslit og útskrift Sjúkraflutningaskólans verða **föstudaginn 29. maí 2026 kl. 17.**

Framboð á námskeiðum

Dagsetningar námskeiða eru birtar með fyrirvara um breytingar og verða allar upplýsingar um námskeið settar inn á vef skólans www.ems.is. Lágmarksfjöldi á námskeið er alla jafna 10-12 nemendur.

Umsjónarkennarar eru á öllum námskeiðum til að tryggja samræmi á kennslu og þjálfun nemenda. Leiðbeinendur á námskeiðum eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðataeknar hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar sem hafa reynslu og þekkingu á sviði bráðameðferðar og kennslu.

Kostnaður námskeiða

Verð námskeiða sem gefin eru upp í kennsluskránni miðast við lágmarksfjölda þátttakenda og er áskilinn réttur til hækkunar námskeiðsgjalda ef farið er fram á að námskeiðið verði haldið þrátt fyrir að lágmarksfjöldi sé ekki náð. Kennslugögn, önnur en kennslubók, eru innifalin í verði. Að öðru leyti verða kennslugögnin aðgengileg fyrir þátttakendur námskeiða á kennsluvef skólans. Ef námskeið eru haldin að beiðni rekstraraðila bætist ferðakostnaður og uppihald leiðbeinenda við kostnað, auk þess sem beiðandi leggur til húsnæði undir námskeiðið.

Skráning á námskeið

Almennt þarf skráningu og greiðslu staðfestingargjalds námskeiðs að vera lokið fyrir auglýstan lokafrest en þó aldrei síðar en fimm vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma, nema annað sé tekið fram. Skráning á námskeið fer fram á vef skólans. Ef lágmarksfjöldi næst ekki er áskilinn réttur til að fella niður námskeið.

Kennslubækur

Kennslubækur eru almennt ekki innifaldar í verði námskeiðanna nema annað sé tekið fram. Kennslugögn á ERC námskeiðum: ALS, ILS, og EPILS og EPALS námskeiðum eru þó innifaldar í námskeiðsgjaldi á rafrænu formi (sjá frekari upplýsingar um námskeið). Kennslubækur í öðrum námskeiðum sem ekki eru innifaldar í námskeiðskostnaði er að öllu jöfnu hægt að kaupa hjá Bóksölu stúdenta (sími 570 0777) eða panta þær á vef bóksölnnar www.boksala.is

Grunnnám í sjúkraflutningum, grunnnámskeið (EMT)

Inntökuskilyrði

Umsækjandi skal hafa lokið að lágmarki tveggja ára námi í framhaldsskóla (100 F-ein) og hafa gilt skírteini í skyndihjálpi, að lágmarki 12 kennslustundir eða sambærilegt. Séu umsóknir fleiri en sæti á námskeiðum raðast nemendur inn [skv. inntökureglum](#) þar sem m.a. er tekið tillit til menntunar og reynslu. Nemendur sem sendir eru á vegum rekstraraðila ganga fyrir með nám að grunnskilyrðum uppfylltum.

Markmið

Að nemendur verði færir um að tryggja öryggi á vettvangi og meta ástand sjúklings. Þeir þurfa einnig að geta meðhöndlað og flutt sjúkling(a) á viðeigandi hátt.

Innihald

Námskeiðið er byggt á [viðurkenndum bandarískum EMT](#) staðli (Emergency Medical Technician) og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í fyrirlestrunum er m.a. fjallað um starf sjúkraflutningamanna, öryggi, sóttvarnir og heilsuvernd. Líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífingun, skoðun og mat, almenna flutningstækni, skráningu og skýrslugerð, fæðingarhjálp, meðhöndlun bráðveikra, meðhöndlun sára og áverka svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig viðeigandi verklega þjálfun í ofangreindum kennsluþáttum. Nemendur þurfa að ljúka að lágmarki 56 klukkustunda starfsþjálfun sem skiptist þannig að 48 tímar skulu vera hjá viðurkenndum rekstraraðila í sjúkraflutningum sem uppfylla kröfur skólans um starfsþjálfun, þar af amk 24 tímar á forgangsbíl og 8 tímar á bráðamóttöku. Starfsþjálfun skal ljúka innan þess tímaramma sem skólinn setur. Nemendur fylla út starfsþjálfunarskrár þar sem gerð er krafa um ákveðin lágmarksfjölda tilfella.



Námsmat

Grunnnámskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Nemendur skulu standast verkleg próf. Einnig fer fram símat á virkni og færni þátttakenda. Farið er fram á **skylduáhorf** á fyrirlestra og **skyldumæting** í allar verklegar lotur. Eftir útskrift úr náminu geta þátttakendur sótt um löggildingu sem sjúkraflutningamaenn.

Athugið að til þess að starfa sem sjúkraflutningamaður þar viðkomandi að hafa fengið löggildingu sem sjúkraflutningamaður [skv. reglugerð](#).

Tímalengd

Námskeiðið er samtals 260 klukkustund (bókleg, verkleg kennsla og starfsþjálfun).

Haustönn

Boðið verður upp á nám ef næg þátttaka fæst. (bóklegt á netinu með verklegum lotum) á Akureyri, Fáskrúðsfirði, Sandgerði og Selfossi (fjórir hópar) frá sept-des 2025, teknir eru inn 10-15 nemendur á hvert námskeið. Bóklegt efni gegnum kennslukerfi (Moodle) en nemendur þurfa að mæta í fimm verklegar lotur (skyldumæting).

Vorönn:

Boðið verður upp á nám ef næg þátttaka fæst, á Akureyri, Reykjavík, Selfossi og í Sandgerði. (fjórir hópar). Námskeiðin standa frá jan-feb fram í apríl 2026. Bóklegt efni gegnum kennslukerfi (Moodle) en nemendur þurfa að mæta í fimm verklegar lotur (skyldumæting).

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 10-15 nemendur á öllum grunnnámskeiðum.

Kennsluefni:

Emergency Care, 13/E

Limmer, O'Keefe, Grant, Murray, Bergeron & Dickinson

ISBN-10: 0134024559 • ISBN-13: 9780134024554 ©2016

Skráningafrestur

Fyrir nám á haustönn 2025 er opnað fyrir skráningu 1. júlí og opið til 15. ágúst 2025. Fyrir nám á vorönn 2026 verður opnað fyrir skráningu 1. október 2025 og er opið til og með 15. nóv 2025.

Umsækjendur verða að skrá sig á vef skólans www.ems.is og senda gögn til staðfestingar inntökuskilyrðunum. Gögn skal senda á **PDF formi** á netfangið ems@ems.is og skal innihalda **afrít af einingafjölda**, stimplað og undirritað af viðkomandi skóla, og hæsta próf úr framhaldsskóla/háskóla ásamt afrít af gildu skyndihjálpskírteini. áður en frestur til skráningu lýkur. Nemendur sem sendir eru á námskeið frá rekstraraðilum sjúkraflutninga sitja að öllu jöfnu fyrir á námskeið.

Farið verður yfir allar umsóknir um leið og skráningu lýkur. Þeir sem komast að fá senda rúkkun fyrir staðfestingagjaldi kr. 70 þúsund með greiðslufresti 15 sept fyrir nám á haustönn 2025 og 10. janúar 2026 fyrir nám á vorönn 2026 til að staðfesta setu sína á námskeiðinu með greiðslu skráningargjalds.

▪ **Námskeiðskostnaður**

Verð - Kr. 445.000 pr. þátttakanda. Innifalið öll kennsla, kennslugögn (að undanskilinni kennslubók) og viðurkenningarskjal.

Skráningargjald kr. 70.000 þarf að vera greitt fyrir 15. sept 2025 (haustönn 2024) og 10. jan 2026 (vorönn 2026). Innheimta til þeirra sem komast inn er send í heimabanka. Skráningargjald dregst af heildarverði.

- *Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan þriggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

Framhaldsnám sjúkraflutningamanna (EMT-Advanced)

Framhaldsnámi sjúkraflutningamanna er skipt í 4 lotur sem byggja hver á annarri og lýkur hverjum hluta með bókleg og verklegu prófi auk lokafærnimats úr öllu náminu í lok náms. Eftir Lotu 4 og tilheyrandi starfsnám taka nemendur lokafærnimat sem er verklegt próf úr öllum þáttum námsins. Miðað er við að þeim sé lokið innan 3 ára frá því að nám hefst. Nemendur þurfa að taka bóklegt og verklegt inntökupróf til að geta hafið framhaldsnámið. Í tengslum við Lotu 3 verða nemendur jafnframt að ljúka ILS og EPILS námskeiðum (sérhæfð endurlífgun fullorðinna og barna 1) frá Evrópska Endurlífgunarráðinu. Enn fremur er starfsþjálfun tengd hverri lotu og þarf að skila fullnægjandi starfsþjálfunarskrá fyrir lotur og námskeiðið í heild. Starfsþjálfun fer fram á sjúkrabílum með bráðataeknum, auk deilda LSH-SAK og víðar og þarf að ljúka starfsþjálfun tengd viðkomandi lotu innan tilskilins tíma og ávallt áður en nám er hafið í næstu lotu.

Verkefnistjóri framhaldsnámsins: Sigurjón Valmundsson

Netfang: sva0723@sak.is

Inntökuskilyrði

Að umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiði í sjúkraflutningum með fullnægjandi hætti og staðist bóklegt inntökupróf. Auk þess er krafist er amk. 1 árs starfsreynslu í sjúkraflutningum eða sambærilegt. Ætlast er til að nemendur ljúki náminu á þremur árum eftir að grunnnámi lýkur.

Markmið

Námskeiðið byggir á grunnnámi sjúkraflutningamanna en bætir við þekkingu, leikni og færni sem eflir sjálfstæði nemenda og gerir þá hæfari til að beita þeim inngripum sem ætlast er til að námi loknu. Að gera nemendur færa um að meta ástand veikra og slasaðra sjúklinga, og taka ákvarðanir um og beita nauðsynlegri og viðeigandi bráðameðferð og séu hæfir til að leiða teymi sjúkraflutningamanna í bráðatilfellum.

Innihald

Námskeiðið byggir á [bandarískum staðli \(AEMT\)](#) og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Námskeiðið inniheldur m.a. kynningu á starfi neyðarflutningamanna, líffæra-, lífeðlis- og lyfjafræði. Öndunaraðstoð, lyflæknisfræði s.s. bráða öndunar- og hjartasjúkdóma, sykursýki, ofnæmi, heila- og taugavandamál og kvensjúkdóma. Ennfremur er farið í mismunandi áverka, áverkaferli, blæðingar, lost og bruna. Farið er yfir sérstakar aðstæður s.s. bráðatilfelli tengd meðgöngu og fæðingu, ungbörn, börn og aldraða. Nemendur vinna með þjálfunarskrá undir eftirliti leiðbeinenda í starfsþjálfuninni og skila henni eftir hverja lotu, **ekki er hægt að hefja næstu lotu nema starfsþjálfun næstu lotu á undan sé lokið með fullnægjandi hætti.**

Námsmat

Hverri lotu lýkur með prófi, skriflegu og verklegu ásamt mati á þjálfunarskrá nemanda. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Mikilvægt er að nemandinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í þjálfunarskránni. Farið er fram á **skyldumætingu** í fyrirlestra (netáhorf) og verklegar lotur.

Tímalengd

Samtals 413 tímar í heildina (bóklegt, verklegt, ILS, EPILS, starfsþjálfun og lokafærnimat)

Tímar- og staðsetning

Birt með fyrirvara um þátttöku.

Haustönn 2025:Lota 1. LOL, öndun og lyfjafræði.

Námskeið haldið í Sandgerði, bóklegt á netinu, verkleg lota 31 október til 1 nóvember.

Námskeið haldið á Akureyri, bóklegt á netinu, verkleg lota 21 til 24 október.

Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst

Umsjón: Jónas Godsk Rögnvaldsson/Kristján Karlsson

Lota 2 Áverkar

Námskeið haldið í Reykjavík. Sérnámskeið fyrir SHS 29. sept-3. okt. 2025

Umsjónarmaður: Umsjón: Guðjón Petersen

Námskeið haldið í Sandgerði, bóklegt á netinu, verkleg lota 10.-13 nóvember 2025

Umsjónarmaður: Umsjón: Guðjón Petersen

Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst.Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið haldið á Akureyri. Verkleg lota 27 september til 1 október.

ERC námskeiðin: ILS 25 september og EPILS 26 september 2025

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon.

Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2025.

Námskeið haldið í Reykjavík. verkleg lota 29 október til 2 nóvember.

ERC námskeiðin, haldin í Sandgerði: ILS 27 október og EPILS 28 október 2025.

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon.

Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2025.Lota 4. Vettvangur og sérstök vandamál.

Námskeið Sandgerði. Verkleg lota 1.-5. desember 2025.

Umsjónarmenn: Anton Berg Carrasco og Hermann Marinó Maggýjarson

Umsóknarfrestur til og með 15. ágúst 2025.**Lokafærnimat eftir lotu 4.**

Tími: Nánar auglýst síðar.

Vorönn 2026Lota 2. Áverkar.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á netinu. (dagsetning á verklegri lotu liggur ekki fyrir).

Umsjónarmaður: Guðjón Petersen.

Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2025Lota 2. Áverkar.

Námskeið Akureyri, bóklegt á netinu. (dagsetning á verklegri lotu liggur ekki fyrir).

Umsjónarmaður: Guðjón Petersen.

Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2025Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið Sandgerði, bóklegt á Moodle. Einnig ILS og EPILS námskeið.

(dagsetning á verklegri lotu liggur ekki fyrir).

Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2025Lota 3. Hjarta, Medical og börn.

Námskeið Reykjavík, sérnámskeið SHS. bóklegt á Moodle. Einnig ILS og EPILS námskeið.

(dagsetning á verklegri lotu liggur ekki fyrir).

Umsjónarmaður: Kristján Sigfússon.

Opnað fyrir umsóknir 1. október, umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2025

Lota 4. Vettvangur og sérstök vandamál.

Námskeið Sandgerði. Verkleg lota 13 – 17 apríl 202. bóklegt á netinu.

Námskeið Akureyri, bóklegt á netinu. (dagsetning á verklegri lotu liggur ekki fyrir).

Umsjónarmenn: Anton Berg Carrasco-Hermann Marinó Maggýjarson

Opnað fyrir umsóknir 1. október 2025. Umsóknarfrestur til og með 15. nóvember 2025.

Lokafærnimat 2026

Verður í viku 21, dagana 18 – 22 maí. Staðsetning liggur ekki fyrir.

Námsefni:

Advanced EMT: A Clinical Reasoning Approach, 2nd Edition

Melissa Alexander, Lake Superior State University, School of Criminal Justice, Fire Science, and EMS

Richard Belle, Acadian Ambulance/National EMS Academy Lafayette, Louisiana

©2017 | Pearson

Skráningarfrestur

Opnað verður fyrir skráningu 1. júlí fyrir nám á haustönn og 1. október 2025 fyrir nám á vorönn.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst vegna náms á haustönn og til og með 15. nóvember vegna náms á vorönn.

Umsækjendur verða að skrá sig á vef skólans www.ems.is Nemendur sem sendir eru á námskeið frá rekstraraðilum sjúkraflutninga sitja að öllu jöfnu fyrir á námskeið.

Farið verður yfir allar umsóknir um leið og skráningu lýkur og verður þá umsækjendum send rukkun um staðfestingargjald til að staðfesta setu sína á námskeiðinu með greiðslu skráningargjalds, auk upplýsinga um inntökupróf í námið.

- Námskeiðskostnaður

Hver lota kostar Kr. 160.000 pr. þátttakanda. Innifalið öll kennsla og kennslugögn (að undanskilinni kennslubók). Athugið að kostnaður vegna ILS og EPILS námskeiða er ekki innifalinn í þessu verði og er rukkaður sérstaklega.

Skráningargjald kr. 45.000 þarf að greiða til að staðfesta þátttöku á hverri lotu.

Skráningargjald dregst af heildarverði og fæst ekki endurgreitt nema skólinn fellur niður námskeið.

Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.

Vettvangshjálpi, First Responder (42 klukkustundir)

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir einstaklinga sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa s.s. lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn eða skipulagðir hópar vettvangsliða.

Markmið

Að nemendur verði færir um að veita fyrstu bráðapjónustu áður en sjúkraflutningamenn koma á staðinn og vinna með sjúkraflutningamönnum á vettvangi.

Innihald

Námskeiðið er byggt á [viðurkenndum bandarískum staðli](#) og staðfært að íslenskum aðstæðum. Inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í kennslunni er m.a. fjallað um öryggi og sóttvarnir, líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, meðhöndlun áverka, björgun úr bílflökum og hópslys svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Námskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skylduáhorfs á fyrirlestra og mætingar í verklegar æfingar. Einnig fer fram símat á virkni og færni þátttakenda allt námskeiðið.

Tímalengd

Námskeiðið samanstendur af 22 kennslustunda áhorfi á bóklegt efni í tölvu (netaðgangur) og síðan 3 daga verklegri lotu sem endar með bóklegu og verklegu prófi. Fyrirkomulag verklegrar kennslu getur verið sérsníðið s.s. kennsla virka daga frá 08:00 – 17:00 / kvöldkennsla / helgarkennsla, svo og bókleg kennsla í streymi og verklegar lotur.

Tíma- og staðsetning – Námskeiðin verða auglýst síðar á vef Sjúkraflutningaskólans www.ems.is. Námskeiðið haldið að beiðni þeirra sem áhuga hafa ef tilskyldum lágmarksfjölda er náð.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 10 nemendur.

Kennsluefni.

American Academy of Orthopaedic Surgeons (AAOS), (2018). Emergency medical responder, 7. útgáfa. Jones & Bartlett Learning

Skráningafrestur

Skráning þarf að liggja fyrir á vef skólans eigi síðar en **6 vikum** fyrir auglýstan námskeiðstíma.

Námskeiðskostnaður

- **Verð kr. 160.000**, pr. þátttakanda. innifalið er aðgangur að kennslugögnum í gegnum Moodle, verkleg lota og viðurkenningarskjal, auk ofins barmmerkis.
- **Skráningargjald kr. 45.000** þarf að vera greitt eigi síðar en 3 vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma. Skráningargjald dregst af heildarverði.
- *Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

Endurmenntunarnámskeið

1. Fyrir sjúkra- og neyðarflutningamenn (EMT- og AEMT)

Ætlast er til að sjúkraflutningamenn sem hafa lokið almennu grunnnámskeiði í sjúkraflutningum sækja endurmenntun sem samsvarar 24 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins. Einnig er hægt að meta aðra endurmenntun sem sjúkraflutningamenn sækja og skólinn viðurkennir.

2. Fyrir Vettvangsliða, First Responder (EMR)

Vettvangsliðar sem hafa lokið námskeiði í vettvangshjálpi (First Responder) þurfa að sækja endurmenntun sem samsvarar 8 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins.

Megin markmiðið er að nemendur viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

Námskeiðin eru haldin að ósk rekstraraðila. Þau verða nánar auglýst á vef skólans, www.ems.is

Inntökuskilyrði fyrir endurmenntun sjúkraflutningamanna.

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

Inntökuskilyrði fyrir endurmenntun vettvangsliða.

Umsækjendur verða að hafa lokið námskeiði í vettvangshjálpi eða WFR. Athugið að endurmenntun í vettvangshjálpi gildir ekki sem endurmenntun í WFR.

Tíma- og staðsetning námskeiða

Gengið er út frá því að lágmarksfjöldi þátttakenda á öll endurmenntunarnámskeið sé átta nema annað sé tekið fram. Staðsetning og tímasetning námskeiða verður í samráði við rekstraraðila og auglýst með góðum fyrirvara á vef skólans www.ems.is

Námskeiðskostnaður

Mismundandi eftir gerð námskeiða, sjá námskeiðslýsingu hér að neðan einnig auglýst á vef skólans.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að námskeiðskaupi útvegi kennsluhúsnæði og kennslubúnað í samráði við skólann.

Hér að neðan eru listuð upp þau Endurmenntunarnámskeið sem skólinn getur haft milligöngu um.

Bráðameðferð og sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS)

Markhópur

Heilbrigðisstarfsfólk innan sem utan spítala sem kemur sjaldan að endurlífgun ungabarna og barna en þarf samt að geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun t.d. lækna, hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar og sjúkraflutningamenn.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í þekkja og meðhöndla lífshættulega veik börn og börn í hjartastoppi, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera starfsmanninn færari um að taka þátt í meðhöndlun lífshættulega veiks barns sem meðlimur teymisins.

Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021, nýir koma haust 2025) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Í fyrirlestrum er farið yfir þætti sem koma að því að þekkja, skoða og vera fær um að meðhöndla lífshættuleg veik og slösuð ungbörn og börn. Farið er í vinnuferla í grunn- og sérhæfðri endurlífgun, lestur hjartataka, forvarnir öndunar- og hjartastopps, meðhöndlun vökva- og súrefnisskorts, krampa, o.fl. Í verklegum stöðvum er lögð áhersla á frumskoðun og endurlífgun, öndunarhjálp, meðhöndlun slasaða barnsins og teymisvinnu. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Nemendur þurfa að standast forpróf í bóklega hlutanum á vef Evrópska Endurlífgunarráðsins ERC (Cosy) til að fá þáttökurétt á verklega hluta námskeiðsins.

Tímalengd

Verklegi hlutinn er 8 klukkustunda langur.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur

Kennslubók

Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeiði.

Verð - Kr. 60.000 pr. þátttakanda. Innifalið er aðgangur að kennsluefni á vef, og rafrænt viðurkenningarskjal frá Evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support)

Markhópur

Heilbrigðisstarfsfólk sem kemur sjaldan að endurlífgun en þarf samt að geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun t.d. hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar og sjúkraflutningamenn.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera starfsmanninn færari um að taka þátt í endurlífgun sem meðlimur teymisins.

Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021 nýir koma haust 2025) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Í fyrirlestrum er farið yfir orsakir og forvarnir hjartastopps og vinnuferla við endurlífgun. Í verklegum stöðvum er lögð áhersla á skoðun og mat bráðveikra, endurlífgun, öndunarhjálp og teymisvinnu í endurlífgun. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Nemendur þurfa að standast forpróf í bóklega hlutanum á vef Evrópska Endurlífgunarráðsins ERC (Cosy) til að fá þáttökurétt á verklega hluta námskeiðsins.

Tímalengd

Verklegi hlutinn er 8 klukkustunda langur.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og Endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennslubók

Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 60.000 pr. þátttakanda. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins, og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Sérhæfð endurlífgun II og Sérhæfð endurlífgun barna (ALS og EPALS Advanced life support og Pediatric Advanced life support)

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir neyðarflutningamenn, bráðataækna, lækna og hjúkrunarfræðinga.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021 nýir koma haust 2025) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Farið er í orsakir og forvarnir hjartastopps, bráða hjartasjúkdóma, taktruflanir, rafmeðferð, vinnuferla við endurlífgun, öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og þátttöku nemandans.

Námsmat

Er í formi símats á námskeiðinu. ljúka þarf forprófi, krossaprófi og verklegu prófi.

Tímalengd

Námskeiðið er 20 klukkustundir auk tíma sem fer í próf.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og Endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennsluefni

Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 140.000 pr. þátttakanda. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun I (ILS) og II (ALS)

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er upprifjunarnámskeið fyrir þá sem hafa þegar tekið námskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II og vilja endurnýja skírteinið sitt.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

Innihald

Um upprifjunarnámskeið er að ræða sem byggist á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar 2021) og kennt samkvæmt því. Megin áhersla er á verklegar æfingar og þátttöku nemandans í endurlífgunarteymi. Auk þess verður upprifjun á orsökum og forvörnum hjartastopps, bráðum hjartasjúkdómum, takttruflunum, rafmeðferð, vinnuferlum við endurlífgun, öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður.

Námsmat

Námsmat í formi símats á námskeiðinu og ljúka þarf krossaprófi og verklegu prófi í lok námskeiðs.

Tímalengd upprifjunarnámskeiða:

Upprifjunarnámskeið ILS er 2 klst. Upprifjun ALS er 3 klukkustundir. Upprifjun EPILS er 3 klst. Upprifjun EPALS er 4 klst.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennsluefni

Bóklegur hluti námskeiðsins fer fram á vef Evrópska endurlífgunarráðsins, ERC. Nemendur fá aðgang að vefnum við skráningu á námskeið.

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 30.000 pr. þátttakanda fyrir endurmenntun ILS og 35.000 pr. þátttakanda fyrir endurmenntun ALS. Innifalið er aðgangur að kennsluvef Evrópska endurlífgunarráðsins og rafrænt viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Rétt er að minna á að skirteini í sérhæfðri endurlífgun I og II (ILS og ALS) gilda til fimm ára Sjúkraflutningamenn sem ekki hafa nú þegar endurnýjað skirteinin sín eru hvattir til að gera það hið fyrsta, ekki síst þar sem nýjar leiðbeiningar í endurlífgun voru gefnar út af evrópska endurlífgunarráðinu (ERC) í október 2021 (verða endurskoðaðar haust 2025).

Búnaðarnámskeið. (einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir löggilta sjúkraflutningamenn en einnig opið öðru heilbrigðisstarfsfólki sem getur starfs síns vegna þurft að koma að flutningi slasaðra svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræði- og læknanema.

Markmið

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi og auki þekkingu og þjálfun sína á þeim búnaði sem hann getur þurft að nota í störfum sínum.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðabúnaði sjúkrabíla, svo sem notkun CPAP, LTS túbu, uppsetningu beinmergnálar, notkun monitora (síríta) og úrlestur hjartalínurita, notkun öndunarvéla, togspelku, útlímaspelkur, stuðning við háls og hrygg og o.fl.

Athugið að í samráði við skólastjóra/verkefnastjóra er hægt er að óska eftir mismunandi samsetningu á því hvaða búnaður er tekin fyrir á námskeiðinu í takt við þarfir rekstraraðila.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

Bráðasjúkdómar fullorðinna (einnig í boði sérsníðið fyrir Vettvangsliða)

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

Markmið

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamaður og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðasjúkdómum fullorðinna. Meðal annars er fjallað um meðhöndlun sjúklinga með sykursýki, bráða öndunarfæra- og taugakerfissjúkdóma s.s. krampa og heilablóðfall o.fl.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra. (einnig í boði sérsniðið fyrir Vettvangsliða)

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

Markmið

Tilgangurinn er að þjálfa sjúkraflutningamenn í vettvangsmeðferð og mati áverkastjúklinga, s.s. áverkamati og fyrstu merkjum losts. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera sjúkraflutningamanninn færari um að greina alvarleika áverka, fyrstu meðferð á slysstað, áframhaldandi mati og undirbúa sjúkling fyrir flutning.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila hægt er að óska eftir 8 eða 16 klst. námskeiði.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.

16. Klst. námskeið 60.000 pr. þátttakanda.

Þverfagleg endurmenntun viðbragðsaðila.Inntökuskilyrði

Umsækjendur koma úr röðum viðbragðsaðila.

Markmið

Tveggja daga námskeið fyrir viðbragðsaðila sem eru líklegir til að koma fyrstir að skjólstæðingum, óháð menntunarstigi og reynslu. Námskeiðið hefur reynst vel í dreifðari byggðum þar sem reynir á samvinnu mismunandi viðbragðsaðila, t.a.m. lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraflutningamanna vettvangsliða, lögreglu og björgunarsveita.

Markmið námskeiðsins er að auka getu viðbragðsaðila til að sinna slösuðum og/eða veikum sjúklingum. Lögð er áhersla á vettvangsmat, frumskoðun og ABCDE nálgun í vinnu á vettvangi. Farið er yfir notkun hjartastuðtækja (hægt er að óska eftir kennslu/fyrirlestri fyrir ákveðnar gerðir tækja). Með fyrirlestrum er farið stuttlega í orsakir ástands, teikn og einkenni sjúkdóma ásamt inngripum sem hægt er að veita. Teikn og einkenni hjá börnum verða einnig til skoðunar sem og inngrip, t.a.m. lyfjaskammtar og endurlífgunarferlar. Hægt er að óska eftir að farið verði í tiltekin efnistöð, en bráðasjúkdómar (barna og fullorðinna) hafa verið til umfjöllunar.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

16. Klst. námskeið 60.000 pr. þátttakanda.

Greiningarsveitarnámskeið

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er ætlað fyrir heilbrigðisstarfsfólks sem getur þurft að starfa í greiningarsveit samkvæmt viðbragðsáætlun stofnunnar.

Markmið

Markmiðið með námskeiðinu er að gera heilbrigðisstarfsfólk hæfari til að sinna hlutverki sínu innan greiningasveitar. Á námskeiðinu er m.a. farið yfir bráðaflokkunarkerfi, hlutverk greiningasveitar, notkun tetrastöðva auk ýmissa verkþátta er tengjast hópslysi. Í lok dags verður sett upp „mini“ æfing.

Viðfangsefni

Námskeiðið er sniðið að þörfum heilbrigðisstarfsmanna sem geta þurft að starfa í greiningarsveit þegar um hópslys er að ræða. Námskeiðið samanstendur af stærstum hluta af verklegum æfingum auk nokkurra fyrirlestra. Lesefni er dreift fyrir námskeiðið til að styttu fyrirlestrahluta þess.

Námsmat:

Námsmat í formi símats á námskeiðinu.

Námsefni:

Rafrænt (pdf) frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 45.000 pr. þátttakanda.